

Guðlaugur Hallur Kristmundsson
Lækjarbotnar
851 Hella

Reykjavík, 14. janúar 2025
UST202412-052/A.P.
08.04

Ákvörðun um framlengingu á starfsleyfi Lækjarbotnablaikju

Vísað er til umsóknar Guðlaugs H Kristmundssonar, kt. 121154-5529, (Lækjarbotnablaikju) um endurnýjun á starfsleyfi, dags. 3. desember 2024, og samskipta Umhverfis- og orkustofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 10. janúar sl.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfis- og orkustofnunar 10. janúar til og með 13. janúar sl. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin.

Gildistími starfsleyfisins er til 15. janúar 2025. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 15. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri